# Mánudagur 23. janúar

DV

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Töfragluggi Bomma** – endurs. frá 18. jan. Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Íþróttahornið.** Fjallað um íþróttir helgarinnar heima og erlendis.
19.25 **Staupasteinn.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.55 **Ævintýri Tinna**Ferðin til tunglsins (1)
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Já.**Í þessum þætti verður fjallað um það sem er að gerast í leikhúsunum um þessar mundir. Litið verður við hjá Leikfélagi Reykjavíkur og sýnt úr Sjang Eng, og einnig rætt við leikstjóra og leikara. Sýnt verður brot úr uppfærslu Þjóðleikhússins á Fjalla-Eyvindi og einnig litið inn á æfingu á Óvitunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Þá er litið inn á æfingu hjá Nemendaleikhúsinu.
21.20 **Medea**(Medea) Ný dönsk sjónvarpsmynd byggð á handriti Carls Dreyers, sem hann vann upp úr grískum harmleik, en sem hann lætur gerast á norrænum slóðum til forna. Leikstjóri Lars von Trier. Aðalhlutverk Udo Kier, Kirsten Olesen, Henning Jensen og Solbjörg Höjfeldt. Myndin er ekki við hæfi barna.
22.35 **Guðmundur Kamban** Heimildamynd eftir Viðar Víkingsson sem Sjónvarpið lét gera í tilefni aldarafmælis skáldsins. Í myndinni er lýst óvenjulegum æviferli Kambans, sem ungur einsetti sér að verða rithöfundur á erlendri grund. Áður á dagskrá 29. des. 1988.
23.00 **Seinni fréttir.**
23.10**Guðmundur Kamban framh.**
**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.35 **Magnum P.I.** Thomas Magnum er fyrrverandi flotaforingi í bandaríska hernum sem gerist einkaspæjari á Hawaii.
18.15 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.
18.45 **Fjölskyldubönd.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.19. **19:19.**Fréttum veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
20.30 **Dallas.** Olíuviðskiptin eru að öllu jöfnu fjörugur „bransi" og J.R. þar fremstur í flokki.
21.15 **Hlébarðinn** Heimildarmynd sem tekin er í frumskógum Afríku og lýsir lífsbaráttu hlébarðans.
22:05 **Frí og frjáls.** Breskur gamanmyndaflokkur um tvenn hjón sem fara í sumarleyfi til Spánar. Aðalhlutverk: Keith Barron, Gwen Taylor, Joanna Van Gyseghem og Neil Stacy.
22.30 **Viridiana.** Spönsk þjóðfélags- og trúarleg ádeilumynd undir leikstjórn Luis Bunuel. Ung kona, sem býr sig undir að verða nunna, gefur þá hugsjón upp á bátinn eftir að frændi hennar sviptir sig lífi. Aðalhlutverk: Fransisco Rabal, Silvia Pinal og Fernandi Ray. 23.55 **Ormagryfjan** Snake Pit. Áhrifamikil og raunsönn mynd um konu sem haldin er geðveiki. Myndin skýrir frá læknismeðferð, hælisvist og viðbrögðum vina og ættingja konunnar. Aðalhlutverk: Olivia de Havilland, Leo Genn, Mark Stevens og Leif Erickson. Leikstjórn: Anatole Litvak. Alls ekki við hæfi barna.
01:40 **Dagskrárlok**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.** Gamanþáttur.
8.30 **Pound Puppies.** Teiknimyndasería.
9.00 **Popp.** Þýskur poppþáttur.
10.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Eftir 2000.** Vísindaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Starcom.**Ævintýrasería.
15.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
16.00 **Barnaefni.** Teiknimyndir og tónlist.
17.00 **Flying Kiwi.** Ævintýraþáttur.
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
18.30 **The Insiders.** Sakamálaþáttur.
19.30 **Sweet Scent Of Death.** Kvikmynd.
21.00 **Bílasport.**
21.30 **Poppþáttur.** Soul tónlist.
22.30 **40 vinsælustu.**Poppþáttur.
23.30 **Popp í Vesturheimi.**
24.00 **Piano Variations**
1.00 **Afrísk list.**4. hluti
1.45 **The Moguls.**3. hluti.
2.55 **Tónlist og landslag.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jónas Gíslason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Óskari Ingólfssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Andrés Indriðason les sögu sína, „Lyklabarn." (10)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Dagmál.** Sigrún Björnsdóttir fjallar um líf, starf og tómstundir eldri borgara.
9.45 **Búnaðarþáttur** – Rekstrarskilyrði í landbúnaði. Gunnar Guðmundsson ræðir við Gunnlaug A. Júlíusson landbúnaðarhagfræðing.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Skólaskáld fyrr og síðar.** Fjórði þáttur: Frá Guðmundi Kamban til Tómasar Guðmundssonar. Umsjón: Kristján Þórður Hrafnsson. Lesari ásamt honum: Ragnar Halldórsson.
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur** – Tónlistarmaður vikunnar – Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir.
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Æfingatími" eftir Edvard Hoem. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les þýðingu sína (13)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.**
15.45 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi. Gunnlaugur Ingólfsson flytur.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin, dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Foreldra- og nemendafélög í skólum. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Katsjatúrían og Richard Strauss.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
19.35 **Um daginn og veginn.** Ásmundur Einarsson talar.
20.00 **Litli barnatíminn.**
20.15 **Barokktónlist**
21.00 **FRÆÐSLUVARP.** Þáttaröð um líffræði á vegum Fjarkennslunefndar. Fjórði þáttur: Hvalir. Umsjón: Steinunn Helga Lárusdóttir. (Áður útvarpað í júní sl.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Þjónn þinn heyrir" eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon hefur lestur þýðingar sinnar.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma hefst.** Lesari: Guðrún Ægisdóttir.
22.30 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson.
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Dægurmálaútvarp með fréttayfirliti kl. 7.30 og 8.30 og fréttum kl. 8.00. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Guðmundur Ólafsson flytur pistil sinn að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Veðurfregnir kl. 8.15.
9.03 **Viðbit.** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri.)
10.05 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls. Sigurður Þór Salvarsson tekur við athugasemdum og ábendingum hlustenda laust fyrir kl. 13.00 í hlustendaþjónustu Dægurmálaútvarpsins.
14.00 **Á milli mála.** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kaffispjall upp úr kl. 16.00, „orð í eyra" kl. 16:45 og „Þjóðarsálin" kl. 18.03. Pétur Gunnarsson rithöfundur flytur pistil sinn á sjötta tímanum.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Spurningakeppni framhaldsskóla. Framhaldsskólinn á Laugum – Menntaskólinn í Kópavogi. Kvennaskólinn í Reykjavík – Menntaskólinn á Egilsstöðum. Dómari og höfundur spurninga: Páll Lýðsson. Spyrill: Vernharður Linnet. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. Fjórði þáttur. (Einnig útvarpað nk. föstudag kl. 21.30.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.10 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## FM 98.9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist – litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Morgun- og hádegistónlist allt í einum pakka. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór á Brávallagötu 92 kíkja inn milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegið tekið létt á Bylgunni, óskalögin leikin. Síminn er 61 11 11. Bibba og Halldór aftur og nýbúin milli kl. 17 og 18. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 17.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson. Meiri músík og minna mas.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Heimsóknartíminn (tómt grín) klukkan 11 og 17. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** á mánudagskvöldi. Pétur sér m.a. um Rokkbitann sem stendur til klukkan 21.30, þar sem hann spilar rokk af öllum stærðum og gerðum.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur síðasta sprettinn á mánudögum. Þægileg tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS

16.00 **MS.**
18.00 **MH.**
20.00 **FB.**
22.00 **IR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
21.00 **„Orð trúarinnar", endurfl.** frá föstudegi.
23.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106·8

13.00 **Framhaldssaga.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Einsárs afmæli Útvarps Rótar E.
15.30 **Um Rómönsku Ameríku. Mið-Ameríkunefndin. E.**
**16.30 Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Húsnæðissamvinnufélagið Búseti.**
17.30 **Dagskrá Esperantosambandsins.**
18.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'ísamfélagið á Íslandi.
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Klara og Katrín.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Ferill og „FAN".** E.
2.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Fréttir af menningar- og félagslífi í Firðinum. Viðtöl og létt tónlist.
20.00–22.00 **Útvarpsklúbbur Víðistaðaskóla.**

## Ólund
Akureyri

19.00 **Þytur í laufi.** Jóhann Ásmundsson spilar uppáhalds pönkið sitt.
20.00 **Gatið: Húmanistar á mannlegu nótunum.** Félagar í Flokki mannsins sjá um þáttinn. e.t.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Fréttayfirlit síðustu viku. Fólk ræðir málin.
21.30 **Mannamál** Íslenskukennarar sjá um þáttinn.
22.00 **Gatið.**
23.00 **Fönk og Fusion.** Ármann Gylfason og Steindór Gunnlaugsson kynna funk- og fusiontónlist.
24.00 **Dagskrárlok.**

### Sjónvarp kl. 22.35:

# Kamban

Í tilefni aldarafmælis Guðmundar Kambans skálds hefur Sjónvarpið látið gera heimildarmynd um hann. Viðar Víkingsson hafði umsjón með myndinni en Hallgrímur H. Helgason samdi þulartexta. Myndin var nýlega sýnd en verður nú endurtekin. Í myndinni er lýst sérstökum æviferli Kambans. Hann einsetti sér ungur að verða rithöfundur á erlendri grund. Hann skrifaði fjölda leikrita og skáldsagna og leikstýrði fyrstu kvikmyndum Íslendinga. Kamban var umdeildur bæði heima og erlendis, en hann var myrtur af dönskum frelsisliðum í stríðslok.



**Í heimildarmyndinni um Guðmund Kamban er brugðið upp ýmsum áður óbirtum heimildum um skáldið.**

Í myndinni kemur dóttir Kambans töluvert við sögu í viðtalsformi. Einnig koma fram ýmsar áður óbirtar heimildir um ævi skáldsins. Auk þess verður brugðið upp atriðum úr leikritum hans og kvikmyndum og leikin atriði verða sýnd þar sem Hallgrímur Helgason og Pálmi Gestsson fara með hlutverk Kambans. Myndin er í svarthvítu og með sérstakri tækni er leiknu atriðunum fléttað inn í kvikmyndir Kambans sjálfs, en í þeim lék m.a. Agnethe, eiginkona hans.

-ÓTT

### Stöð 2 kl. 21.15:

# Hlébarðinn

Í þessari heimildarmynd er greint frá lífi hlébarðaynju með þrjá unga. Þetta er í fyrsta skipti sem svo nákvæm lýsing er gerð á lífsbaráttu þessara dýra. Myndin er tekin í Massai Mara þjóðgarðinum í Kenýa. Kvikmyndatökumenn eyddu fjórum mánuðum í þetta verkefni. Tökur hófust í nóvembermánuði. Það eru ljón á veginum sem gera fjölskyldunni erfitt fyrir og ýmsar aðrar hættur eru þarna þar sem frumskógalögmálið gildir.

Í myndinni fáum við að sjá hvernig mamman leitar fæðu fyrir ungana, hvernig hún hvílist og leikur sér. Stundum getur leikur reynst dýrunum afdrifaríkur.

-ÓTT



**Guðrún Ægisdóttir, kennari við Laugalandsskóla í Holtum, er lesari Passíusálma séra Hallgríms Péturssonar að þessu sinni.**

### Rás 1 kl. 22.20:

# Lestur Passíusálmanna

## – fyrsti lestur

Nú hefst fastan og því byrjar lestur Passíusálma séra Hallgríms Péturssonar í útvarpi í kvöld. Sálmarnir verða lesnir á rás 1 alla virka daga kl. 22.20. Lesari að þessu sinni er Guðrún Ægisdóttir, kennari við Laugalandsskóla í Holtum.

Passíusálmar hafa verið lesnir í heilu lagi árlega í útvarpinu síðan frá árinu 1944. Fyrsti lesari var séra Sigurbjörn Einarsson, síðar biskup. Ýmsir kunnir menn hafa flutt sálmana, fyrst einkum menn frá kirkjunni, en síðar hefur verið algengt að leikmenn hafi lesið þá. Á síðustu árum hafa lesarar t.d. verið Halldór Laxness, Herdís Þorvaldsdóttir, Andrés Björnsson og Heimir Steinsson sem las á föstunni í fyrra.

-ÓTT